

Borgarstjórn
4. desember 2018

**Breytingatillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins við frumvarp að fjárhagsáætlun
Reykjavíkurborgar 2018**

Flokkur fólksins leggur til að gjaldskrá vegna skólamáltíða í grunnskólum verði lækkuð um þriðjung (33%) og að tekjulækkun sviðsins, sem talin er nema 361 m.kr. árið 2019, verði mætt með auknum fjárheimildum sem komi af kostnaðarliðnum 09205 – ófyrirséð. Gjaldskráin verður 9.796 kr. á mánuði frá 1. janúar 2019 m.v. samþykkt borgarstjórnar við fyrri umræðu. Tillagan, verði hún samþykkt, felur í sér að gjaldskrá máltíða í grunnskólum yrði 6.563 kr.

Greinargerð:

Það er mikilvægt að börn sitji við sama borð þegar kemur að grunnþörfum eins og að fá að borða. Efnahagsstaða foreldra er misjöfn. Sumir foreldrar hafa ekki efni á að kaupa skólamáltíðir fyrir börn sín. Eina leiðin til að tryggja að ekkert barn sé svangt í skólanum er að stuðla að því með öllum ráðum að foreldrar þeirra hafi ráð á að kaupa handa þeim skólamáltíðir. Börnum á ekki að vera mismunað vegna fjárhagsstöðu foreldra þeirra. Fordæmi er nú þegar fyrir lækkun gjalds skólamáltíða í öðrum sveitarfélögum og ætti Reykjavík ekki að láta sitt eftir liggja. Áður hefur Flokkur fólksins lagt fram tillögu um fríar skólamáltíðir en sú tillaga var felld á fundi skóla- og frístundaráðs í ágúst. Fram hefur komið í svari sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að þessi aðgerð muni lækka tekjur sviðsins um 361 m.kr. Borgarfulltrúi Flokks fólksins kallar hér til ábyrgðar borgarstjórnar og gerir því þá tillögu að þessi upphæð verði tekin af liðnum ófyrirséð.